

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Greiða skal sérstakt sorphirðu- og eyðingargjald á hverja íbúð í Kópavogi að fjárhæð kr. 28.300.

3. gr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Kópavogsbæ nr. 1330/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs, 22. nóvember 2016.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri.